



Reykjavík 10. september 2014

FÍ fasteignafélag slhf. kaupir 1-7 hæð í Borgartúni 25

Skrifað hefur verið undir kaupsamning um kaup félagsins á Borgartúni 25 í 105 Reykjavík. Seljandi er Sjávarsíða ehf. Um er að ræða alla fasteignina að undanskilinni 8. hæð hússins.

Örn V. Kjartansson framkvæmdastjóri FÍ fasteignafélags:

„Það er einstaklega ánægjulegt fyrir félagið að ganga frá kaupum á fasteigninni við Borgartún 25. Húsið er afar vel staðsett og hentugt til skrifstofureksturs en Borgartúnið hefur dregið til sín mörg öflug fyrirtæki á undanförunum árum. Fjölmörg sterk fyrirtæki eru leigutakar í Borgartúni 25 meðal annara Straumur fjárfestingarbanki, Vörður tryggingarfélag, Almenni lífeyrissjóðurinn, Microsoft ofl.“

Meðfylgjandi er mynd af fasteigninni Borgartún 25.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri FÍ, Örn V. Kjartansson s. 8259000, orn@fifasteignir.is

Um FÍ fasteignafélag slhf.

FÍ fasteignafélag slhf er rekið af félagi í meirihlutaeigu MP banka. Félagið sérhæfir sig í rekstri fasteignasafna. Félagið nýtir sérþekkingu og tengsl á fasteignamarkaði til að afla fjárfestingartækifæra á atvinnuhúsnæðismarkaðnum. Félagið sér um þjónustu við leigutaka og stýrir rekstri og viðhaldi fasteigna.